

Skólasóknarkerfi í 1. – 10. bekk fyrir Grunnskólann á Þórshöfn

Verkferill - Leyfi og veikindi

Góð skólasókn er ákaflega mikilvæg og hefur sitt að segja varðandi velgengni í námi.

Í tengslum við skólasókn nemenda þarf stundum að skoða tilkynnt forföll nánar. Það er ein leið til þess að grípa betur inn í hugsanlegan skólasóknarvanda.

Þegar nemandi er tilkynntur veikur eða í leyfi þarf ávallt að skoða forfallsögu hans í skólanum. Ávallt skal skoða a.m.k. síðustu þrjá skólamánuði með tillit til leyfis og veikinda. Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur meira en einn dag **ef veikindi eiga sér ekki augljósar skýringar** og þá er það umsjónarkennari eða skólahjúkrunarfræðingur sem kallar eftir því.

Miðað er við forföll **önnur en langtímaveikindi, samfelldra leyfa eða veikinda sem staðfest eru með vottorði.**

Á öllum þrepum ber að gæta jafnræðis og samræmis í viðbrögðum. Taka skal tillit til **aðstæðna og þarfa nemenda** og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Ef umsjónarkennari hefur áhyggjur af velferð nemanda strax á 1. eða 2. þrepi áskilur hann sér rétt til þess að fá fulltrúa félagsþjónustu inn á fund með foreldrum.

Viðbrögð vegna skólasóknarvanda:

1. þrep - 10 veikinda- og/eða leyfis dagar

Ef nemandi er með fleiri en 10 forfalladaga sendir umsjónarkennari tölvupóst til foreldra.

2. þrep - 15 veikinda- og/eða leyfis dagar

Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga boðar umsjónarkennari foreldra til fundar. Skólastjórnandi mætir einnig ef þurfa þykir.

3. þrep - 20 veikinda- og/eða leyfis dagar

Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fulltrúa Keldunnar (félagsþjónustu).

4. þrep - 30 veikinda- og/eða leyfis dagar

Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga greinir skólastjórnandi frá stöðu nemanda við nemendaverndarráð sem tilkynnir svo vanrækslu til Barnaverndar.